

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

*Deiliskipulagsbreyting, Birkihlíð 6, L232270, úr einbýli í tvíbýli.*

Um er að ræða óverulega breytingu á deiliskipulagi sem tekur til Birkihlíðar 6, L232270. Núgildandi skilmálar gera ráð fyrir einbýli á tveimur hæðum en verður breytt í tvíbýli á tveimur hæðum. Nýtingarhlutfall helst óbreytt.

Samþykkt í sveitarstjórn 7. maí 2026.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. júlí 2026.*

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,  
**Sigríður Kristjánsdóttir.**

---

B deild - Útgáfudagur: 23. júlí 2026